

2004



Ársskýrsla 2004

 LÍFEYRISJÓÐUR
NORÐURLANDS

Ársskýrsla

Lífeyrissjóðs Norðurlands

2004

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Ársreikningur	15
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	16
Áritun endurskoðenda	17
Áritun tryggingastærðfræðings	18
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	19
Efnahagsreikningur	20
Sjóðstreymi	21
Tryggingadeild - Yfirlit um breytingar á hreinni eign	22
Tryggingadeild - Efnahagsreikningur	23
Tryggingadeild - Yfirlit um sjóðstreymi	24
Séreignardeild - Yfirlit um breytingar á hreinni eign	25
Séreignardeild - Efnahagsreikningur	26
Séreignardeild - Yfirlit um sjóðstreymi	27
Reikningsskilaaðferðir	28
Skýringar	29-38
Kennitölur	39-40
Annual Report 2004	41
Board of Director's and Manager's Report	43
Auditor's Report	44
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	45
Balance Sheet	46
Statement of Cash Flows	47
Financial indicators	48

Útlitshönnun: Sumarliði Einar Daðason

Prentvinnsla: Ásprent Stíll ehf.

Lífeyrissjóður Norðurlands
Kennitala: 601092-2559
Strandgata 3 · 600 Akureyri

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Inngangur

Rekstur Lífeyrissjóðs Norðurlands gekk vel á árinu 2004. Ávöxtun sjóðsins var sú næstbesta frá stofnun hans sem fyrst og fremst má rekja til góðra ytri aðstæðna, ekki síst á innlendum fjármálamarkaði. Styrking íslensku krónunnar gerði það hins vegar að verkum að erlendar eignir skiluðu neikvæðri ávöxtun í íslenskum krónum talið, ef litið er framhjá gengisvörnum. Að teknu tilliti til gjaldeyrisvarna lætur nærri að tekjur af erlendri verðbréfaeign hafi verið nálægt núlli á árinu. Í heildina hefði ávöxtun sjóðsins orðið um 3% hærrí ef ekki hefði komið til styrkingar krónunnar.

Þrátt fyrir góða ávöxtun var tryggingafræðileg afkoma neikvæð á árinu, sem rekja má til breytinga á tryggingafræðilegum forsendum, bæði auknum lífs- og örorkulíkum. Það er einkum aukin örorka sem veldur áhyggjum, en hún hefur farið ört vaxandi á undanförunum árum. Miðað við nýjar íslenskar reynslutölur í þessu efni stendur núverandi iðgjald og þeir reiknivextir sem sjóðunum er gert að nota, ekki lengur undir þeim lágmarksréttindum sem sjóðunum er gert að veita samkvæmt lögum. Slíkt ástand er auðvitað óviðunandi og stenst ekki til frambúðar.

Nú er unnið að breytingum á réttindakerfi íslenskra lífeyrissjóða úr kerfi jafnar réttindaávinnslu yfir í kerfi aldurstengdrar réttindaávinnslu. Sú breyting mun að nokkru taka á þeim vandamálum sem kerfið á við að etja í dag, en leysir ekki þann vanda sem felst í mun meiri örorkubyrði en gengið var út frá við stofnun kerfisins. Á þeim vanda þurfa sjóðirnir að taka fyrr en seinna og það verður ekki gert nema með hækkun iðgjalda eða lækkun örorkulífeyrisréttinda eða blöndu af þessu tvennu.

Haldið var áfram að byggja upp eignasafn sjóðsins í samræmi við þá fjárfestingastefnu sem mörkuð hefur verið. Vægi erlendraigna hefur verið aukið í jöfnum en hægum skrefum. Vegna góðrar stöðu á innlendum mörkuðum var þó farið hægar í sakirnar í þeim efnum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Var áætlunum að þessu leyti breytt um mitt ár 2004. Sjóðurinn stefnir áfram að því að auka áhættudreifingu sína með því að hækka hlutfall erlendraigna í eignasafninu og með uppbyggingu á nýjum eignaflokkum.

Stjórn sjóðsins samþykkti áætlun um svokallaðar framtaksfjárfestingar sem munu verða hluti af fjárfestingum sjóðsins í erlendum hlutabréfum og auka þannig fjölbreytni í eignasafninu. Þá gerði sjóðurinn samning við einn af íslensku bönkunum um virka gjaldmiðlastýringu fyrir sjóðinn til að verja eignir hans betur fyrir sveiflum í gengi krónunnar, um leið og reynt er að bæta ávöxtun. Áður hafði sjóðurinn eingöngu stuðst við óvirkar gjaldeyrisvarnir.

Sjóðurinn seldi á árinu bæði dótturfélag sín, Hámark ehf. og Fasteignafélag Norðurlands ehf. Rekstur félaganna var ekki talinn falla vel að annarri starfsemi sjóðsins og sjóðurinn hafði unnið að sölu þeirra í nokkurn tíma. Við þetta breytist uppgjör sjóðsins og verður einfaldara í sniðum, enda þarf nú ekki lengur að birta samstæðuuppgjör.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni.

2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á.

2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Miklar breytingar urðu á fasteignamarkaði á seinni hluta ársins 2004 þegar bankarnir hófu samkeppni við Íbúðalánasjóð um fasteignalán. Þetta hafði mikil áhrif á útlán lífeyrissjóða til félagsmanna sinna. Sjóðurinn brást við með því að lækka vexti á sjóðfélagalánnum, en ljóst er að fasteignalánnum mun fyrst og fremst verða sinnt af bönkunum í framtíðinni og líklegt að hlutdeild lífeyrissjóða fari minnkandi.

Starfsumhverfi

Efnahagsmál og þróun á fjármálamarkaði.


Efnahagsumhverfið var almennt hagstætt á Íslandi árið 2004. Hagvöxtur færðist mjög í aukana og áætlað Seðlabanki Íslands að hann hafi verið um 5,2%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst um 2,5% og verðbólga var 3,9% frá upphafi til loka árs.

Efnahagslífið einkenndist af miklum hækkunum á eignaverði, einkum hlutabréfa-, skuldabréfa- og fasteignaverði. Segja má að miklar fjárfestingar, lækkandi langtímavextir og aukin einkaneysla hafi drifið áfram íslenska hagkerfið. Þegar líða tók á árið fór að gæta aukins verðbólguþrýstings og sífellt vaxandi viðskiptahalla. Seðlabankinn brást við með hækkun stýrivaxta um tæp 3% til að slá á þenslu. Áhrifanna hefur gætt í verulegri styrkingu íslensku krónunnar, sem mun draga úr verðlagshækkunum þegar fram í sækir. Gengi íslensku krónunnar styrktist um ríflega 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum og um 14% gagnvart bandaríkjadollar. Hækkun stýrivaxta hefur haldið áfram á árinu 2005 og er líklegt að krónan haldist sterk enn um sinn með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á útflutningsgreinarnar. Styrking krónunnar hefur leitt til vaxandi viðskiptahalla en hann var um 8% af landsframleiðslu árið 2004. Reiknað er með að hann muni enn aukast og er spáð 12% viðskiptahalla á árinu 2005. Vaxandi ójafnvægis gætir þannig í íslenskum þjóðarbúskap og ljóst er að veruleg hagstjórnarverkefni eru framundan, ef komast á hjá kollsteypu þegar áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf fjara út.

Skuldabréfamarkaður

Árið var hagstætt á innlendum skuldabréfamarkaði og hafa vextir á íslenskum skuldabréfamarkaði nú lækkað samfellt í um áratug. Líklegt er að botninum sé náð í lækkun vaxta um sinn, bæði vegna aukinnar eftirspurnar í hagkerfinu og þess að vextir á ríkisskuldabréfum eru nú komnir niður að reiknivöxtum íslensku lífeyrissjóðanna. Ólíklegt er því að lífeyrissjóðirnir verði stórtækir kaupendur á þessum markaði á næstunni. Auk þessa munu háir skammtímavextir og sterk króna draga úr áhuga erlendra kaupenda á þessum markaði. Árið einkenndist af kerfisbreytingum á fjármögnun Íbúðarlánasjóðs, þegar skipt var úr húsbréfum yfir í íbúðarbréf sem eru uppgjörshæf í alþjóðlegum uppgjörskerfum. Þetta jók mjög áhuga útlendinga á innlendum ríkisskuldabréfum. Einnig hafði innkoma bankanna á fasteignalánamarkað mikil áhrif til lækkunar á innlendum vöxtum.

Ef tekið er mið af ávöxtunarkröfu húsbréfa í byrjun árs og ávöxtunarkröfu íbúðarbréfa í lok ársins má segja að vextir á árinu hafi lækkað um 0,8%. Eins og áður sagði eru líkur á því að þessum lækkunum sé nú lokið í bili og má því vænta hógværar ávöxtunar á íslenskum skuldabréfum á komandi árum samanborið við það sem fjárfestar hafa notið undanfarin ár.




Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bæt看 greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og bæt看 tryggingafélaganna vegna atvinnutjóns af völdum slysa.

3. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Hlutabréfamarkaður

Ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði var mjög góð á árinu. Úrvalsvisitala hlutabréfa hækkaði verulega þriðja árið í röð og nam hækkunin nær 59% samborið við 56% árið 2003. Ef horft er til síðustu 2ja ára hefur úrvalsvisitalan hækkað um tæp 150% og um 190% síðustu 3 árin. Markaðsverðmæti skráðra fyrirtækja var 659 milljarðar í ársbyrjun en 1.116 milljarðar í árslok, þrátt fyrir að félögum á markaðinum hafi verið að fækka. Markaðurinn ber mörg merki eignabólu, eignarhald fyrirtækjanna hefur verið að þrengjast og talsvert er um skuldettar stöður. Markaðurinn hefur haldið áfram að hækka á árinu 2005 og enn virðist umfram eftirspurn eftir hlutabréfum. Þrátt fyrir góða hagnaðaraukningu og aukna útrás íslenskra fyrirtækja er ljóst að markaðurinn er nú mun áhættusamari en áður. Smæð markaðarins, fækkun fyrirtækja og stór hlutdeild fjármálafyrirtækja gera hann einnig áhættusamari. Líklegt er að þessari hækkunarhrinu sé lokið í bili og má vænta hóflegri ávöxtunar á næstu árum. Mikilvægt er einnig að ný fyrirtæki komi inn á markaðinn til að gera hann fjölbreyttari.

Hlutabréfavísitölur



Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.


Pá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.

3. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.


Erlendir markaðir

Hagvöxtur var almennt góður í heiminum á árinu 2004 en áætlað er að heimsbúskapurinn hafi vaxið um 4%. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði áfram viðunandi á árinu 2005 eða um 3% en líklegt er að dragi úr hagvexti í Bandaríkjunum og hagvöxtur verði áfram lítil á evrusvæðinu og í Japan. Þróunin á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2004 var þó ágæt, einkum undir lok ársins. Þannig hækkaði heimsvísitala MSCI um 12,8% mæld í bandaríkjadollar. Ameríkuvísitalan hækkaði um 9,4%, Evrópuvísitalan um 10,6%, Japansvísitalan um 9,7% og vísitala Asíu án Japan um 14,3%. Styrking íslensku krónunnar um 14% leiddi þó til þess að ávöxtun á flestum þessum mörkuðum var neikvæð fyrir íslenskan fjárfesti sem er óvarinn gagnvart gengisbreytingum. Áframhaldandi viðsjár í heiminum, mikill viðskiptahall í Bandaríkjunum, kerfislæg vandamál í Evrópu og Japan, auk hækkingar vaxta og mikillar hækkingar á olíuverði hafa hamlandi áhrif á hagvöxt. Væntingar um ávöxtun á erlendum verðbréfamörkuðum eru því hógværar fyrir árið 2005. Vegna styrkleika krónunnar og út frá áhættudreifingarsjónarmiðum til lengri tíma litið er þó mikilvægt fyrir íslenska lífeyrissjóði að halda áfram að byggja upp erlend eignasöfn.

Alþjóðlegar hlutabréfavisitölur



Heimsvísitala í USD og ISK



Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefist, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri.

4. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Starfsemi sjóðsins

Tryggingadeild

Lífeyrismál

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 1.129,9 milljónum króna og jukust um rúmlega 8% frá fyrra ári. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum lækkaði milli ára úr tæpum 70% í rúmlega 65% sem er sama hlutfall og var árið þar á undan. Lífeyrisþegar í árslok 2004 voru 3.814 og hafði fjölgað um 201 frá fyrra ári eða rúmlega 5%.

Skipting milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir í milljónum króna:

Skipting milli einstakra lífeyristegunda

Lífeyristegund	Upphæð 2004	% af heild	Upphæð 2003	% af heild	Hækk. milli ára
Ellilífeyrir	619,0	55,1%	574,2	55,3%	7,8%
Örorkulífeyrir	383,4	34,1%	345,8	33,3%	10,9%
Makalífeyrir	89,9	8,0%	89	8,6%	1,0%
Barnalífeyrir	31,5	2,8%	29,9	2,9%	5,4%
Samtals	1123,8	100,0%	1.038,90	100,0%	8,2%


Nokkuð er um að lífeyrisþegar njóti fleiri en einnar tegundar lífeyris og voru virkir lífeyrisúrskurðir 4.593 vegna 3.814 lífeyrisþega. Á árinu voru afgreiddir 520 nýir úrskurðir sem er 58 úrskurðum fleira en árið á undan eða rúm 12%. 309 úrskurðir féllu út. Skipting úrskurða milli lífeyristegunda og breyting milli ára var sem hér segir:

Skipting úrskurða milli lífeyristegunda og breyting milli ára

Lífeyristegund	Fjöldi 31.12 '03	Nýir úrsk.	Út af lífeyri	Fjöldi 31.12 '04	Breyting
Ellilífeyrir	2.350	179	111	2.418	68
Örorkulífeyrir	1.085	180	95	1.170	85
Makalífeyrir	647	50	35	662	15
Barnalífeyrir	300	111	68	343	43
Samtals	4.382	520	309	4.593	211

Alls voru úrskurðaðir 180 nýir örorkulífeyrisþegar á árinu og voru ástæður örorku sem hér segir:

Ástæður örorku - Nýir úrskurðir



Ríkisskattstjóri skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til.

6. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Að tekjuári liðnu skal ríkisskattstjóri senda hverjum og einum lífeyrissjóði yfirlit vegna hvers manns sem er aðili að sjóðnum samkvæmt þeim upplýsingum sem embættið hefur fengið samkvæmt þessari grein.

6. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.


7. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Fjárfestingastefna og ráðstöfun fjármagns

Óveruleg breyting var gerð á fjárfestingastefnu sjóðsins á árinu. Áfram er lögð mikil áhersla á að stjórna áhættu og auka áhættudreifingu í eignasafni sjóðsins. Haldið var áfram að byggja upp erlent eignasafn sjóðsins, m.a. með fjárfestingum í marksjóðum og framtakssjóðum. Stjórnin samþykkti sérstaka áætlun um uppbyggingu á framtaksfjárfestingum erlendis og er gert ráð fyrir því að framtakssjóðir verði í framtíðinni mikilvægur þáttur í erlendu hlutabréfasafni sjóðsins. Eins og áður hefur sjóðurinn fyrst og fremst fjárfest í svokölluðum sjóðasjóðum í þessum eignaflokkum. Er það gert til að draga úr áhættu og nýta sérfræðipækkingu á þessum mörkuðum. Gert er ráð fyrir því að áfram verði haldið á sömu braut í þessu efni. Þá hefur sjóðurinn aukið fjárfestingar sínar í erlendum skuldabréfum jafnt og þétt og er stefnt að áframhaldandi þróun á því sviði. Innanlands var sjóðurinn seljandi af innlendum hlutabréfum, enda miklar hækkanir á þeim markaði. Sjóðurinn festi talsvert fé í íslenskum ríkisskuldabréfum og skuldabréfum fyrirtækja og sveitarfélaga.

Verðbréfaflokkar	Eignasafn samkvæmt fjárfestingarstefnu	Eignasafn 31.12.2004
Ríkisbréf	30-50%	38,8%
Önnur markaðsskuldabréf	0-20%	10,6%
Veðskuldabréf	0-10%	3,4%
Erlend skuldabréf	0-20%	4,4%
Innlend hlutabréf	10-35%	19,3%
Erlend hlutabréf	5-35%	21,1%
Aðrar fjárfestingar	0-10%	0,0%
Bankainnistæður og skammtímabréf	0-10%	2,4%

Eignasafn 31.12.2004



Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

7. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frjálst fjárstreymi til kaupa á verðbréfum árið 2004 var 3.477 milljónir króna og hækkaði um 6,6% frá fyrra ári. Samtals var ráðstafað 3.255 milljónum króna og hækkaði handbært fé því um 222 milljónir króna á árinu. Sífellt stærri hluti af fjárfestingum sjóðsins er í eignum sem ekki gefa stöðugt fjárstreymi til hans og er því líklegt að frjálst fjárstreymi vaxi hóflega á komandi árum. Í þessu ljósi er mikilvægt að sjóðurinn hugi vel að seljanleika þeirra eigna sem hann fjárfestir í.

Ráðstöfun

Verðbréfaflokkar	Kaup	Sala	Ráðstöfun ársins
<i>Verðbréf með breytilegum tekjum:</i>			
Innlend hlutabréf	3.949	-6.519	-2.570
Erlend hlutabréf	0	0	0
Innlend hlutdeildarskírteini	1.898	-1.993	-95
Erlend hlutdeildarskírteini	3.164	-69	3.095
<i>Verðbréf með föstum tekjum:</i>			
Ríkisskuldabréf	15.103	-13.945	1.158
Skuldabréf banka og fjármála fyrirtækja	103	-223	-120
Önnur markaðsskuldabréf	1.125	-352	772
Önnur útlán	0	0	0
Erlend skuldabréf	1.034	0	1.034
Veðskuldabréf	210	-228	-18
Samtals	26.585	-23.330	3.255

Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga.


3. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ávöxtun og efnahagur

Ávöxtun

Ávöxtun Tryggingadeildar sjóðsins var góð og sú næstbesta frá stofnun hans. Nafnávöxtun deildarinnar var 17,8% og raunávöxtun 13,3% samanborið við 12,2% og 9,2% árið á undan. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 2,9% og 6,7% síðust 10 árin. Fjárfestingatekjur deildarinnar námu 5.764 milljónum króna og hækkuðu um 70% frá fyrra ári. Það var einkum góð ávöxtun innlendra hlutabréfa, sem skýrir þessa góðu afkomu. Þannig skiluðu innlend hlutabréf fjárfestingatekjum að fjárhæð 3.293 milljónir króna eða 57% af fjárfestingatekjum ársins, en innlend hlutabréf voru þó að meðaltali tæplega 18% af eignum deildarinnar á árinu. Ekki er að vænta svipaðrar ávöxtunar í framtíðinni.

Innlend skuldabréf gáfu einnig mjög góða ávöxtun, en erlend verðbréf gáfu neikvæða ávöxtun í íslenskum krónum talið, sem alfarið má rekja til styrkingar íslensku krónunnar. Að teknu tilliti til gjaldeyrisvarna var ávöxtun erlendra eigna örlítið yfir núllinu.



Lífeyrissjóður skal hefja útborgun ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þegar sjóðfélagi hefur náð 65-70 ára aldri.

14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ávöxtun einstakra eignaflokka í íslenskum krónum talið var sem hér segir á árinu:

Ávöxtun einstakra eignaflokka

	2004	2003	2002	2001	2000	1999	3 ár	5 ár
<i>Nafnávöxtun:</i>								
Tryggingadeild	17,8%	11,8%	-0,2%	6,4%	1,8%	22,8%	9,4%	7,3%
Ríkisskuldabréf	9,9%	8,8%	8,2%	20,4%	9,3%	8,1%	8,9%	11,2%
Önnur innlend skuldabréf	11,7%	9,3%	7,1%	15,0%	10,3%	11,2%	9,3%	10,6%
Erlend skuldabréf	-7,0%	-4,8%	-11,9%	6,5%	4,3%	21,0%	-7,9%	-2,8%
Innlend hlutabréf	68,0%	42,9%	31,1%	-7,2%	-8,6%	44,9%	45,0%	21,2%
Erlend hlutabréf	-5,5%	11,0%	-40,9%	-13,1%	-10,6%	49,8%	-14,6%	-13,6%
<i>Raunávöxtun:</i>								
Tryggingadeild	13,3%	9,2%	-2,2%	-2,1%	-2,3%	16,2%	6,5%	3,0%
Ríkisskuldabréf	5,8%	5,9%	6,1%	10,9%	4,9%	2,4%	5,9%	6,7%
Önnur innlend skuldabréf	7,5%	6,4%	5,0%	5,9%	5,9%	5,3%	6,2%	6,1%
Erlend skuldabréf	-10,5%	-7,3%	-13,6%	-1,9%	0,1%	14,6%	-10,4%	-6,8%
Innlend hlutabréf	61,7%	39,1%	28,5%	-14,6%	-12,3%	37,2%	41,0%	16,2%
Erlend hlutabréf	-9,1%	8,1%	-42,1%	-20,0%	-14,2%	41,8%	-17,0%	-17,1%
Verðbólga	3,9%	2,5%	2,0%	8,6%	4,2%	5,6%	2,8%	4,2%

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins.

14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Efnahagur og afkoma

Hrein eign Tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 37.983,7 milljónum króna í árslok og hækkaði um 6.285,1 milljón króna frá árinu á undan eða um 19,8%. Samsvarandi hækkun milli árána á undan var 13,5%. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af góðri ávöxtun. Fjárfestingar deildarinnar námu í árslok 36.887,2 milljónum króna eða 97,1% eigna. 39% eignanna eru í skráðum bréfum með breytilegum tekjum, 50% í skráðum bréfum með föstum tekjum, 2% í óskráðum bréfum, 3% í fasteignalánum og 6% í öðrum eignum.

Þrátt fyrir mjög góða ávöxtun var tryggingafræðileg afkoma sjóðsins neikvæð um 2.188,8 milljónir króna. Þessa neikvæðu tryggingafræðilegu afkomu má alfarið rekja til breytinga á tryggingafræðilegum forsendum, bæði auknum lífslíkum og auknum örorkulíkum, en miðað við óbreyttar forsendur hefði tryggingafræðileg afkoma orðið jákvæð um 1.851 milljón króna.


Tryggingafræðileg afkoma sundurliðast sem hér segir:

Tryggingafræðileg afkoma

	Milljónir kr.
Ávöxtun umfram grunnvexti	1.851,0
Auknar lífslíkur	-1.946,1
Auknar örorkulíkur	-2.093,7
Tryggingafræðileg afkoma	-2.188,8

Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs.

14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.



Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins sl. 5 ár er sem hér segir:

Tryggingafræðileg afkoma 5 ár

	2000	2001	2002	2003	2004
Aukning á eignum til trygg.frl. uppgjors	673	2.613	556	3.270	5.587
Aukning áfallinna skuldb. á árinu	-3.449	-2.134	-3.843	-1.358	-5.185
	-2.776	479	-3.287	1.912	402
Aukning á verðmæti framtíðar iðgjalda	935	6.171	2.216	1.988	1.908
Aukning á verðmæti framtíðarréttinda	-2.349	-7.452	-3.442	1.936	-4.499
	-1.414	-1.281	-1.226	3.924	-2.591
Tryggingafræðileg afkoma ársins	-4.190	-802	-4.513	5.836	-2.189

Framangreindar tölur miðast við heildarskuldbindingar samkvæmt hefðbundnu tryggingafræðilegu mati. Eins og áður þá birtum við einnig tryggingafræðilega afkomu vegna áfallinna skuldbindinga, án þess að skuldabréfasafn sjóðsins sé núvirt.

Tryggingafræðileg afkoma 5 ár

	2000	2001	2002	2003	2004
Aukning á bókfærðum eignum	690	2.225	449	3.762	6.285
Aukning áfallinna skuldbindinga	3.449	2.134	3.768	1.291	5.185
Tryggingafræðileg afkoma	(2.759)	91	(3.319)	2.471	1.100


Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. 32. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Tryggingafræðileg afkoma samkvæmt þessari aðferð er mun betri eins og tölurnar sýna. Versnandi tryggingafræðilegar forsendur, einkum aukin örorka, gera það að verkum að ólíklegt er að hægt sé að hækka réttindi sjóðfélaga að ráði á næstu árum. Líklegt er að það viðbótariðgjald sem bætist við í ársbyrjun fari alfarið í að standa undir versnandi tryggingafræðilegum skilyrðum. Þá mun breyting úr kerfi jafnrar ávinnslu yfir í kerfi aldurstengdrar ávinnslu hafa í för með sér aukið álag á lífeyriskerfið á meðan breytingin gengur yfir, ef lágmarka á hættuna á að einhverjir sjóðfélagar tapi á breytingunni.


Iðgjöld og sjóðfélagar

Alls greiddu 12.067 sjóðfélagar hjá 1.547 launagreiðendum iðgjöld til deildarinnar á árinu. Virkum sjóðfélögum fjölgaði um 25 einstaklinga frá fyrra ári og launagreiðendur voru einum fleiri en árið á undan. Iðgjöld deildarinnar á árinu námu 1.792,4 milljón króna og hækkuðu um 300 mkr. frá fyrra ári eða 20%.

Alls greiddu 30 stærstu launagreiðendurnir tæp 45% af iðgjöldum til sjóðsins og eru iðgjöld þeirra sýnd í meðfylgjandi töflu. Af heildariðgjöldum sjóðsins á árinu vóg opinber þjónusta þyngst eða 26%, þar á eftir sjávarútvegur 21% og verslun og þjónusta 19%.




Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.



Rekstur

Rekstrarkostnaður deildarinnar á árinu nam 53,2 milljónum samanborið við 49,2 milljónir árið áður, sem er hækkun um 8,1%. Fjárfestingagjöld deildarinnar námu 27,0 milljónum samanborið við 25,1 milljón árið áður, sem er hækkun um 7,6%. Sem hlutfall af eignum deildarinnar nam rekstrarkostnaður 0,15% af eignum samanborið við 0,16% árið áður og fjárfestingagjöld námu 0,08% sem óbreytt hlutfall frá fyrra ári. Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum lækkaði því milli ára úr 0,24% í 0,23%.

Próun kostnaðar undanfarin ár:



Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar upp á 67 ára aldur.

11. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Séreignardeild

Séreignardeild sjóðsins hefur skilað mjög góðum árangri á undanförunum sex árum eða frá því hún tók til starfa 1. janúar 1999. Tvö söfn eru innan deildarinnar; Safn I sem er áhættuminna og Safn II sem hefur hærra vægi hlutabréfa og er því áhættumeira. Frá ársbyrjun 1999 til loka ársins 2004 er raunhækkunin 62,4% á Safni I og 73,9% á Safni II. Þetta jafngildir að meðaltali árlegri raunávöxtun upp á 8,98% á Safni I og 10,26% á Safni II. Á síðasta ári var raunávöxtun 10,57% á Safni I og 12,59% á Safni II. Fjárfestingarstefna safnanna er fremur varkár og sveigjanleg, sem hefur skilað góðum árangri við mismunandi markaðsaðstæður undangenginna ára. Ársávöxtun safnanna hefur aldrei orðið neikvæð á tímabilinu.


Séreignardeild LN - Fjárfestingarstefna

	Safn I	Safn II
Skuldabréf - Innlend	55-85%	40-75%
Hlutabréf - Innlend	5-20%	10-35%
Erlend verðbréf	0-20%	5-35%


Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutað-eigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða.

Raunávöxtun 2004



**Sex ára raunhækkun
1999 - 2004**



Iðgjöld til Séreignardeildar á síðasta ári námu 187,8 milljónum króna og lífeyrisgreiðslur 9,4 milljónum króna. Hrein eign Séreignardeildar í árslok nam 1.184 milljónum króna og áttu 11.363 einstaklingar réttindi í deildinni. Hjá Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands er öllum útgjöldum stillt í hóf og nemur árlegur heildarkostnaður sjóðfélaga aðeins 0,5% af inneign. Upphafskostnaður sjóðfélaga er enginn og kappkostað að hafa innheimtu iðgjalda í föstum skorðum.

Lokaorð

Ávöxtun Lífeyrissjóðs Norðurlands var góð á árinu 2004. Tryggingafræðileg afkoma sjóðsins var þó ekki nægjanlega góð, vegna mikillar aukningar á lífs- og örorkulíkum. Þessar breyttu tryggingafræðilegu forsendur gera það að verkum að lögbundið iðgjald dugir ekki lengur fyrir þeim lögbundnu lágmarksréttindum sem sjóðunum er gert að veita, miðað við þá reiknivexti sem notaðir eru. Þetta er ástand sem ekki gengur til lengdar og hlýtur að koma til endurskoðunar. Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú komist að samkomulagi um að breyta réttindakerfi lífeyrissjóðanna úr kerfi jafnrar ávinnslu í aldurstengt réttindakerfi. Þessi breyting er nauðsynleg og mun bæta stöðu kerfisins til lengri tíma litið. Breytingin er hins vegar flókin og mikilvægt hún verði framkvæmd þannig að sem minnst röskun verði á högum þeirra sem lengi hafa greitt til eldra fyrirkomulagsins. Þessum breytingum þarf að vera lokið þann 1. janúar 2007. Miklar hræringar hafa verið meðal íslenskra lífeyrissjóða á undanförunum misserum. Nokkrar sameiningar hafa átt sér stað og enn fleiri eru fyrirhugaðar. Mikil stærðarhagkvæmni er í rekstri lífeyrissjóða og sífellt flóknara umhverfi gerir sérfræðiþekkingu og frekari verkskiptingu innan sjóðanna mikilvægari. Slíku er illgerlegt að ná fram í mjög smáum einingum. Stjórnendur Lífeyrissjóðs Norðurlands munu hafa vakandi auga fyrir þessari þróun með það að markmiði að sjóðurinn sé þátttakandi í henni ef hagkvæmir kostir koma upp í því efni. Að lokum þakkar stjórnin framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins gott samstarf á árinu. Sömu þakkar eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

Ársreikningur

Lífeyrissjóðs Norðurlands

2004

Skýrsla stjórnar

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarumhverfi sjóðsins var gott að flestu leyti. Innlendir markaðir gáfu góða ávöxtun, en mikil styrking íslensku krónunnar rýrði afkomu af erlendum eignum. Afkoman á árinu var önnur besta í sögu sjóðsins.

Alls greiddu 12.067 félagar hjá 1.547 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld ársins til beggja deilda sjóðsins námu 1.917 millj. kr. Iðgjöld Tryggingadeildar námu 1.729 millj. kr. og hækka um 15,9% frá fyrra ári. Iðgjöld til Séreignardeildar námu 188 millj. kr. og hækka um 9,7% frá fyrra ári. Hlutfallslega minni hækking iðgjalda í Séreignardeild má rekja til þess að samkeppnisstaða deildarinnar er erfið þrátt fyrir góða ávöxtun. Bankarnir leggja mikið fé í markaðssetningu á þessari þjónustu og hafa auk þess tengt hana við ýmsa aðra þjónustu sem þeir veita svo sem íbúðalán. Launavísitala hækkaði um 5,4% milli ára.

Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar á árinu námu 1.128 milljónum króna og hækkuðu um 8,3% frá fyrra ári. Eins og undanfarin ár er það örorkulífeyrir sem vex hraðast sem veldur nokkrum áhyggjum. Greiðslur úr Séreignardeild námu 9 milljónum króna. Fjöldi lífeyrisþega í árslok var 3.814 og hafði þeim fjölgað um 201 frá árinu áður.

Á árinu festi sjóðurinn aðallega fé sitt í innlendum og erlendum skuldabréfum og erlendum hlutadeildarskírteinum. Sjóðurinn seldi talsvert af innlendum hlutabréfum, enda hefur markaðurinn hækkað mjög mikið.

Afkoma erlendra eigna sjóðsins var viðunandi, en styrking íslensku krónunnar hafði verulega neikvæð áhrif á afkomuna og dró hún úr ávöxtun um 3% á ársgrundvelli.

Innlendir hluta- og skuldabréfamarkaðir voru á hinn bóginn mjög hagstæðir á árinu og standa undir mikilli hækkingu á eignum sjóðsins.

Samtals námu verðbréf með breytilegum tekjum í eignasafni sjóðsins 15,7 milljörðum og verðbréf með föstum tekjum 20,9 milljörðum. Innlendar eignir námu 75% af heildareignum og erlendar eignir 25%.

Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu til nýrra fjárfestinga (frjálst sjóðstreymi) nam samtals 3,5 milljörðum króna og hækkaði um 6,6%. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 39.168 milljónum og hækkaði um 20,8% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun Tryggingadeildar nam 17,8% á árinu og hrein raunávöxtun var 13,3%. Hrein raunávöxtun sl. 5 ár er 2,9% og 6,7% sl. 10 ár.

Ávöxtun Séreignardeildar var einnig góð á árinu. Nafnávöxtun Safns I var 14,9% og raunávöxtun 10,6%. Nafnávöxtun á Safni II var 17,0% og raunávöxtun 12,6%.


Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðnum á árinu var 7,9 samanborið við 7,7 árið áður og námu launagreiðslur til starfsmanna og stjórnar 35 milljónum króna, samanborið við 31 milljón árið áður.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu Tryggingadeildar sjóðsins hefur verið gerð miðað við stöðu hans í árslok 2004. Niðurstaðan markast af verulegum breytingum á tryggingafræðilegum forsendum með umtalsverðri aukningu á lífs- og örorkulíkum Íslendinga. Aukning á skuldbindingum sjóðsins vegna þessa er um 3,8 milljarðar króna. Tryggingafræðileg afkoma deildarinnar var því neikvæð um 2.188,8 milljónir króna, þrátt fyrir mjög góða ávöxtun sjóðsins. Eignir Tryggingadeildar sjóðsins til tryggingafræðilegs uppgjors nema kr. 38.724,7 milljónum króna og verðmæti áfallinna skuldbindinga reiknast vera 38.371,4 milljónir króna. Eru áfallnar skuldbindingar þannig 353,3 millj. króna lægri en eignir eða um 0,9%. Þegar tekið hefur verið tillit til framtíðariðgjalda og þeirra skuldbindinga sem þau skapa reiknast eignir deildarinnar til tryggingafræðilegs uppgjors vera 65.329,6 milljónir króna og heildarskuldbindingar um 69.079,5 milljón króna. Verðmæti heildarskuldbindinga nemur þannig 3.749,9 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir eða um 5,4%. Í síðustu kjarasamningum var samið um hækkingu iðgjalda úr 10% í 11%. Verði þessi iðgjaldahækkingu nýtt til að mæta auknum skuldbindingum í stað réttindaaukningar myndi staða sjóðsins batna verulega, þannig að hallinn færi úr 5,4% í 1,6%.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2004 með áritun sinni.

Akureyri, 27. janúar 2005.



Björn Snæbjörnsson, stjórnarformaður


Stjórn:



Kristján Þór Júlíusson, varaformaður



Guðmundur Ó. Guðmundsson




Eiríkur S. Jóhannsson



Jón Karlsson



Einar Einarsson



Ágúst S. Óskarsson



Kristján B. Garðarsson



Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og fulltrúaráðs

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeysis á árinu 2004, efnahagsreikning 31. desember 2004, yfirlit um tryggingafræðilegt uppgjör 31. desember 2004, sjóðstreymi árið 2004, yfirlit yfir reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1-15 ásamt kennitölum. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi og áhættu einstakra þátta, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag sjóðsins 31. desember 2004, breytingu á hreinni eign hans á árinu 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 27. janúar 2005.

PricewaterhouseCoopers hf.



Sighvatur Halldórsson, endurskoðandi



Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi

Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og fulltrúaráðs Lífeyrissjóðs Norðurlands

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs Norðurlands í árslok 2004. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyrissjóða.

Forsendur sem miðað er við eru m.a. lífslíkur árána 1999-2003 og 3,5% vexti p.a.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 15.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin stig virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2004. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld, svo og áætlaður rekstrarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni, eru núvirt miðað við árslok 2004. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda-bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 3,5%.

Niðurstaða athugunarinnar er sú að skuldbindingar Lífeyrissjóðs Norðurlands séu 5,4% umfram eignir í hlutfalli af skuldbindingum. Staða sjóðsins versnar því nokkuð frá niðurstöðu síðasta árs en þá reiknuðust skuldbindingar 2,6% umfram eignir.

Skýring þess að staða sjóðsins versnar á árinu þrátt fyrir góða ávöxtun er breyting á þeim forsendum sem notaðar eru við mat skuldbindinga, (lífs- og örorkulíkur). Hefðu sömu forsendur verið notaðar og við síðustu tryggingafræðilega athugun hefði staða sjóðsins reiknast jákvæð um 0,4%. Áhrif breytinga á forsendum er nokkurnveginn jafnt skipt milli örorku- og lífslíkna.

Reykjavík 24. febrúar 2005



Bjarni Guðmundsson,
tryggingastærðfræðingur

Sameiginlegur reikningur

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2004

Skýringar	Sameiginlegur		Tryggingadeild		Séringnadeild	
	2004	2003	2004	2003	2004	2003
Iðgjöld						
Iðgjöld sjóðfélaga	772.218.302	674.533.684	692.199.264	604.583.208	80.019.038	69.950.476
Iðgjöld launagreiðenda	1.147.744.522	994.550.555	1.037.113.122	887.730.420	110.631.400	106.820.135
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(2.812.822)	(5.842.453)	42.170	(220.610)	(2.854.992)	(5.621.843)
<i>Iðgjöld alls</i>	<u>1.917.150.002</u>	<u>1.663.241.786</u>	<u>1.729.354.556</u>	<u>1.492.093.018</u>	<u>187.795.446</u>	<u>171.148.768</u>
Lífeyrir						
Lífeyrir	1.147.054.715	1.060.651.650	1.137.654.841	1.054.385.604	9.399.874	6.266.046
Umsjónarnefnd eftirlauna	(13.824.516)	(15.501.631)	(13.824.516)	(15.501.631)	0	0
Annar beinn kostn. vegna örorkulífeyris	4.112.533	2.944.254	4.112.533	2.944.254	0	0
<i>Lífeyrir alls</i>	<u>1.137.342.732</u>	<u>1.048.094.273</u>	<u>1.127.942.858</u>	<u>1.041.828.227</u>	<u>9.399.874</u>	<u>6.266.046</u>
Fjárfestingartekjur						
Tekjur af eignarhlutum	3.450.902.441	1.656.875.089	3.293.145.021	1.609.317.777	157.757.420	47.557.312
Tekjur húseignum og iðdum	198.675	(2.025.269)	198.675	(2.025.269)	0	0
Vaxtatekjur og gengismunur	1.677.612.009	1.682.330.707	1.537.632.370	1.620.876.566	139.979.639	61.454.141
Breytingar á niðurfærslu	(7.089.879)	(1.875.491)	(7.089.879)	(1.875.491)	0	0
Aðrar fjárfestingartekjur	940.038.604	159.368.780	940.038.604	159.368.780	0	0
<i>Fjárfestingartekjur alls</i>	<u>6.061.661.850</u>	<u>3.494.673.816</u>	<u>5.763.924.791</u>	<u>3.385.662.363</u>	<u>297.737.059</u>	<u>109.011.453</u>
Fjárfestingargjöld						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..	28.579.276	25.978.675	27.017.293	25.124.148	1.561.983	854.527
Rekstrarkostnaður						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..	23.465.526	19.580.409	23.465.526	19.580.409	0	0
Annar rekstrarkostnaður	33.045.025	31.290.995	29.757.586	29.643.550	3.287.439	1.647.445
<i>Rekstrarkostnaður alls</i>	<u>56.510.551</u>	<u>50.871.404</u>	<u>53.223.112</u>	<u>49.223.959</u>	<u>3.287.439</u>	<u>1.647.445</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	6.756.379.293	4.032.971.250	6.285.096.084	3.761.579.047	471.283.209	271.392.203
Hrein eign frá fyrra ári	32.411.282.837	28.378.311.587	31.698.600.135	27.937.021.088	712.682.702	441.290.499
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	<u>39.167.662.130</u>	<u>32.411.282.837</u>	<u>37.983.696.219</u>	<u>31.698.600.135</u>	<u>1.183.965.911</u>	<u>712.682.702</u>

Sameiginlegur reikningur Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýringar	Sameiginlegur		Tryggingadeild		Séreignardeild	
		2004	2003	2004	2003	2004	2003
Eignir							
Fjárfestingar	6						
Húseignir og lóðir		76.800.000	78.400.000	76.800.000	78.400.000	0	0
Samstæðu- og hlutdeildarfélag		0	153.398.201	0	153.398.201	0	0
Lán til samstæðufélaga		0	218.661.743	0	218.661.743	0	0
		76.800.000	450.459.944	76.800.000	450.459.944	0	0
Aðrar fjárfestingar							
Verðbréf með breytilegum tekjum	7	15.704.432.058	11.783.844.057	15.234.410.095	11.516.871.569	470.021.963	266.972.488
Verðbréf með föstum tekjum	8	19.645.712.534	17.028.158.913	18.953.049.693	16.675.717.818	692.662.841	352.441.095
Veðlán	8	1.250.290.693	1.286.702.856	1.250.290.693	1.286.702.856	0	0
Bankainnistæður		904.782.604	1.123.007.171	904.782.604	1.123.007.171	0	0
Aðrar fjárfestingar	9	467.840.159	306.503.616	467.840.159	306.503.616	0	0
		37.973.058.048	31.528.216.613	36.810.373.244	30.908.803.030	1.162.684.804	619.413.583
Fjárfestingar alls		38.049.858.048	31.978.676.557	36.887.173.244	31.359.262.974	1.162.684.804	619.413.583
Kröfur							
Kröfur á launagreiðendur		267.548.451	239.271.984	248.044.656	228.720.621	19.503.795	10.551.363
Aðrar kröfur		17.490.371	4.596.764	17.490.371	4.596.764	0	0
Milli deilda		0	0	(1.777.312)	(82.717.756)	1.777.312	82.717.756
		285.038.822	243.868.748	263.757.715	150.599.629	21.281.107	93.269.119
Aðrar eignir							
Rekstrarfjármunir og aðrar efnisl.eignir	6	4.125.301	6.991.668	4.125.301	6.991.668	0	0
Sjóður og veltinnlán		864.334.107	642.530.491	864.334.107	642.530.491	0	0
		868.459.408	649.522.159	868.459.408	649.522.159	0	0
Eignir samtals		39.203.356.278	32.872.067.464	38.019.390.367	32.159.384.762	1.183.965.911	712.682.702
Skuldir							
Skuldir við lánastofnanir		0	411.070.156	0	411.070.156	0	0
Aðrar skuldir	10	35.694.147	49.714.471	35.694.147	49.714.471	0	0
		35.694.147	460.784.627	35.694.147	460.784.627	0	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris		39.167.662.131	32.411.282.837	37.983.696.220	31.698.600.135	1.183.965.911	712.682.702

Sameiginlegur reikningur Yfirlit um sjóðstreymi árið 2004

Skýringar	Sameiginlegur		Tryggingadeild		Séreignardeild	
	2004	2003	2004	2003	2004	2003
Inngreiðslur						
11,12						
Iðgjöld	1.863.239.553	1.752.591.801	1.696.385.491	1.578.768.152	166.854.062	173.823.649
Fjárfestingartekjur	1.780.036.188	205.618.631	1.780.036.188	205.618.631	0	0
Afboiganir verðbréfa	1.196.995.090	1.665.320.719	1.196.995.090	1.665.320.719	0	0
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	8.581.762.702	5.816.877.837	8.017.548.935	5.008.488.695	564.213.767	808.389.142
Seld verðbréf með föstum tekjum	14.747.926.289	2.702.643.397	13.946.311.811	2.001.946.384	801.614.478	700.697.013
Lækkun á bankainnstæðum	218.224.567	0	218.224.567	0	0	0
Milli deilda	0	0	(80.929.398)	57.295.428	80.929.398	(57.295.428)
Aðrar inngreiðslur	22.000.000	761.230.880	22.000.000	761.230.880	0	0
	28.410.184.389	12.904.283.265	26.796.572.684	11.278.668.889	1.613.611.705	1.625.614.376
Útgreiðslur						
Lífeyrir	1.137.342.732	1.048.094.273	1.127.942.858	1.041.828.227	9.399.874	6.266.046
Fjárfestingargjöld	26.950.501	24.349.900	25.388.518	23.495.373	1.561.983	854.527
Rekstrarkostnaður án afskrifta	55.272.959	49.633.812	52.101.657	47.898.858	3.171.302	1.734.954
Aðrar útgreiðslur	383.920.406	0	383.920.406	0	0	0
	1.603.486.598	1.122.077.985	1.589.353.439	1.113.222.458	14.133.159	8.855.527
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	26.806.697.791	11.782.205.280	25.207.219.245	10.165.446.431	1.599.478.546	1.616.758.849
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting						
11,12						
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	9.010.995.801	7.841.432.548	8.380.573.204	6.966.775.660	630.422.597	874.656.888
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	17.363.898.373	4.203.279.441	16.394.842.424	3.461.177.480	969.055.949	742.101.961
Ný veðlán og útlán	210.000.000	0	210.000.000	0	0	0
Hækkun á bankainnstæðum	26.584.894.174	118.850.234	0	118.850.234	0	0
	26.584.894.174	12.163.562.223	24.985.415.628	10.546.803.374	1.599.478.546	1.616.758.849
Hækkun á sjóði og veltinnlánum	221.803.617	(381.356.943)	221.803.617	(381.356.943)	0	0
Sjóður og veltinnlán í ársbyrjun	642.530.490	1.023.887.433	642.530.490	1.023.887.434	0	0
Sjóður og veltinnlán í árslok	864.334.107	642.530.490	864.334.107	642.530.490	0	0

Tryggingadeild - Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2004

	Skýringar	2004	2003
Iðgjöld	1		
Iðgjöld sjóðfélaga		692.199.264	604.583.208
Iðgjöld launagreiðenda		1.037.113.122	887.730.420
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		42.170	(220.610)
<i>Iðgjöld</i>		<u>1.729.354.556</u>	<u>1.492.093.018</u>
Lífeyrir	2		
Lífeyrir		1.137.654.841	1.054.385.604
Umsjónarnefnd eftirlauna		(13.824.516)	(15.501.631)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		4.112.533	2.944.254
<i>Lífeyrir</i>		<u>1.127.942.858</u>	<u>1.041.828.227</u>
Fjárfestingartekjur	3		
Tekjur af eignarhlutum		3.293.145.021	1.609.317.777
Tekjur af húseignum og lóðum		198.675	(2.025.269)
Vaxtatekjur og gengismunur		1.537.632.370	1.620.876.566
Breytingar á niðurfærslu		(7.089.879)	(1.875.491)
Aðrar fjárfestingartekjur	13	940.038.604	159.368.780
<i>Fjárfestingartekjur</i>		<u>5.763.924.791</u>	<u>3.385.662.363</u>
Fjárfestingargjöld	4		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		27.017.293	25.124.148
Rekstrarkostnaður	5		
